

Nd.

289. Breytingartillögur

við frv. til laga nm breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá Magnúsi Torfasyni og Hannesi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna i kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Utan kaupstaða skulu launin greidd á manntalsþingi, en mán- aðarlega i kaupstöðum.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 kr.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manns, skulu árslaunin vera 300

kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fylla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka 5. hvert ár um 50 kr., uns launabótin nemur 100 kr.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum, eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, taka launabót eftir þjónustualdri.

2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 76, 28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14, 22. okt. 1912, og gefa þau út svo breytt sem yfirsetukvennalög.